

Fundur haldinn í stjórn Barmahlíðar 20. maí 2010 kl. 10:30.
Fundarstaður: Fundarherbergi hreppsnefndar, Maríutröð 5 a, Reykhólum.
Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Egill Sigurgeirsson, Rebekka Eiríksdóttir, Eygló Kristjánsdóttir og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Rebekka bauð menn velkomna og setti fund.

Dagskrá:

1. Ráðningarsamningur hjúkrunarforstjóra.
Drög að ráðningarsamningi samþykktur miðað við fyrirbyggjandi gögn og upplýsingar.
2. Mötuneytiskostnaður starfsmanna.
Rætt um að setja á fast mánaðargjald vegna fæðiskostnaðar starfsmanna og yrði gjaldið bundið starfshlutfalli. Málið verður rætt við starfsfólk á starfsmannafundi.

Nefndin leggur til að ráðinn verði annar hjúkrunarfræðingur í hlutastarf við Barmahlíð sem einnig sinni störfum við heilsugæslustöðina og afleysingum hjúkrunarforstjóra í Barmahlíð.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 12:00.

Egill Sigurgeirsson, (sign)
Rebekka Eiríksdóttir (sign)
Eygló Kristjánsdóttir (sign)
Óskar Steingrímsson (sign)